

48. Fundur í Umhverfis- og skipulagsnefnd Langanesbyggðar var haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar þann 22 maí 2014 kl. 13:00.

Mætt voru Steinunn Leósdóttir Jósteynn Hermundsson Björgvin Þóroddsson og Ólafur Steinarsson sem ritaði fundargerð.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá:

1. Umsókn um byggingarlóð á Bakkavegi 18
2. Gömul hús á Þórshöfn hugmyndavinna sem sveitarstjóri er að vinna að var stuttlega kynnt.
3. Lóðaleigusamningar umræða
4. Lóðarumsókn Eyrarvegur 4
5. Stöðuleyfi fyrir hús BJ Vinnuvelar
6. Hreinsunardagur
7. Umsókn um viðbyggingu á bílskúr Hálsvegur 5
8. Tjaldsvæði
9. Hesthúsabyggð
10. Deiliskipulag við íþróttahús og grunnskóla.

Formaður setti fundinn og gekk til dagskrár

1. Umsókn um byggingarlóð við Bakkaveg 18
Umsókn lá fyrir fundinum frá þrjónastofunni Vöndu um byggingu á stálgrindarhúsi við Bakkaveg nr. 18. Lóðarblað fylgdi umsókninni. Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkti samhljóða að úthluta lóðinni enda er þetta mun betri staðsetning en upphaflega hafði verið óskað eftir.
2. Gömul hús á Þórshöfn hugmyndavinna sem sveitarstjóri er að vinna að
Ólafur kynnti fyrir fundarmenum hugmyndavinnu er lýtur að því að skipuleggja endurbyggingu á gömlum húsum á Þórshöfn. Frekari tillögur og teiknivinna verður lögð fram síðar.
3. Lóðarleigusamningar lagðir fyrir
Í framhaldi af síðasta fundi þar sem lóðarskipulag á höfninni var staðfest að hluta til voru framlagðir nýir lóðarleigusamningar fyrir eftirfarandi lóðir
 - Fjarðarvegur 14
 - Hafnarvegur 2-6
 - Bakkavegur 8
 - Eyrarvegur 8
 - Eyrarvegur 6
 - Eyrarvegur 2

Sveitarstjórn hafði þegar staðfest þessi lóðarmörk. Gögnin voru því einungis lögð fram til kynningar.

4. Lóðarumsókn Eyrarvegur 4

Sveitarstjóri lagði fyrir breytt lóðarblað fyrir Eyrarveg 4 en Ísfélagið á fyrir helming þeirrar lóðar sem um ræðir. Um er að ræða sameiningu tveggja lóða. Óskað var eftir því að fá frekari gögn með umsókninni, fyrri lóðarleigusamninga eða þinglýsingarvottorð fyrir lóðir merktar 1, 3 og 5 á vinnuteikningum.

5. Stöðuleyfi fyrir hús BJ Vinnuvélar

Umsókn lá fyrir um stöðuleyfi fyrir hús á lóð BJ Vinnvéla að Stórholti 3. Húsið er 13x6,8 metrar. Samþykkt var samhljóða að veita stöðuleyfi til 1.9.2014

6. Hreinsunardagur

Ákveðið var að hafa hreinsunardag í Langanesbyggð þann 27 maí kl. 17:00 – 19:00

7. Umsókn um viðbyggingu á bílskúr við Hálsveg 5

Fyrir fundinum lá umsókn frá eigendum hússins að Hálsvegi 5 um að fá heimild til að byggja annan bílskúr framan við húsið átengt húsinu. Nefndin var sammála því að eins og teikning er lögð fram þá er ekki hægt að veita slíkt leyfi. Aðeins má byggja einn bílskúr við hvert hús í götunni. Hafi eigendur hug á því að stækka bílskúr verður að gera það sem hluta af stækkun á núverandi bílskúr en ekki með nýrri byggingu. Þá væri gott ef málsett teikning fylgdi með umsókn.

8. Tjaldsvæði

Ólafur kynnti þá vinnu sem er í gangi á tjaldsvæði ofan við bæinn.

9. Hesthúsahverfi ofan við bæinn.

Mikill sóðaskapur er við nokkur hesthúsin og bænum og eigendum til ósóma. Sveitarstjóri var hvattur til að tryggja að lóðarleigusamningar séu á réttum nöfnum og að skorað verði á eigendur að halda umhverfi snyrtilegu í kringum húsin og að hafa þau eins snyrtileg og mögulegt er. Ekki hefur verið sótt um stöðuleyfi fyrir gáma né gamla bíla sem eru á svæðinu og girðingarmálum er verulega ábótavant á einstaka stöðum. Einnig er greinilega ofbeitt á sum hólfin. Skoða má hvort ekki sé nauðsynlegt að segja upp amk hluta af þessum leigusamningum í ljósi þess hvernig gengið er um svæðið.

10. Deiliskipulag skóla og íþróttamiðstöðvar á Þórshöfn.

Lagður var fyrir fundinn uppdráttur af nýju deiliskipulagi fyrir skóla og íþróttamiðstöð á Þórshöfn og deiliskipulagstillaga. Fundurinn samþykkti fyrirbyggjandi gögn og heimilaði auglýsingu á skipulaginu hið fyrsta.

Flaira var ekki gert og var fundi slitið kl. 14:30